

# SAMSKIPTI OG SKÓLABRAGUR

SKÝR MÖRK – SAMSKIPTA- OG UMGENGISREGLUR

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR



Janúar 20006

**Útgefandi:**  
Grunnskóli Grindavíkur

**Hönnun og umbrot:**  
Ágústa S.G.

**Prentun:**  
Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja





Samskipta og umgengnisreglur þessar eru grundvallaðar á leiðarljósi Grunnskóla Grindavíkur og á hugmyndafræði **uppbyggingarstefnunnar** sem kennd er við Diane Gossen. Einnig var stuðst við sambærilega vinnu annarra skóla sem aðhyllast sömu hugmyndafræði m.a. Garðaskóla í Garðabæ.

Í leiðarljósinu kemur fram að við í Grunnskóla Grindavíkur viljum:

- skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð.

Uppbyggingarstefnan byggir á kenningum um hæfni einstaklings til sjálfstjórnar, hæfni hans til að tengja saman persónuleg lífsgildi og þann veruleika sem hann býr við. Hún kennir einstaklingum sjálfsgaga og leggur rækt við þeirra hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.

Lögd er áhersla á að byggja upp sjálfstraust einstaklinga, að vera sá maður sem maður vill vera fremur en að geðjast öðrum.

## **BÆKLINGUR ÞESSI INNIHELDUR EFTIRFARANDI ÞÆTTI:**

1. Dæmi um æskilega hegðun nemenda.
2. Dæmi um óásættanlega hegðun nemenda.
3. Hvernig nemendur geta valið árangursríka leið til lausnar - uppbygging
4. Hvað gerist ef nemendur þiggja ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun?
5. Viðbrögð við lögbrotum og alvarlegum agabrotum.
6. Reglustjórn um skólasókn.
7. Almennar umgengnisreglur í skólanum.

Reglur þessar eru hluti af stefnu Grunnskóla Grindavíkur í samskiptum og gilda í skóla, á skólalóð, í ferðalögum og viðburðum sem skólinn stendur fyrir.



## HVAÐ ER ÆSKILEG HEGÐUN?

Nemandi mætir stundvíslega, vel undirbúinn í skólann, reiðubúinn til að takast á við krefjandi verkefni, taka tilsögn og taka virkan þátt í viðfangsefnum kennslustunda. Nemandinn gengur vel um skólann sinn og lætur sér annt um að samskipti í skólanum séu vinsamleg og til þess fallin að auka samkennd og öryggi nemenda og annarra sem starfa í skólanum.

Nemandi sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu með framkomu sinni, orðum og gjörðum. Til að ná þessum markmiðum þarf að skilgreina hvað telst æskileg hegðun og hvað ekki.

## DÆMI UM ÆSKILEGA HEGÐUN NEMANDA

### Nemandi:

- hefur stjórn á eigin hegðun, bæði orðum og gjörðum.
- sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu, kurteisi og tillitsemi.
- gerir sér far um að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis.
- gerir sér far um að setja sig í spor annarra.
- fer vel með þau verðmæti sem honum er trúað fyrir, gengur vel um skólann og umhverfi hans.
- virðir eigin annarra.
- fer að fyrirmælum kennara og annars starfsfólks.
- leggur sig ávallt fram við námið og sýnir metnað í að gera sitt besta.
- virðir verk sín og vandar frágang á verkefnum sínum.
- mætir stundvíslega, undirbúinn og með þau gögn sem nota þarf.

Framangreind lýsing á æskilegri hegðun á að jafnaði við um hegðun langflestra nemenda Grunnskóla Grindavíkur. Þeir eiga að njóta ávaxta góðrar hegðunar sinnar og sjálfsstjórnunar.



## HVAÐ ER ÓÁSÆTTANLEG HEGÐUN?

Til að nemendur átti sig betur á því hvar mörkin á milli æskilegrar og óásættanlegrar hegðunar liggja verða nemendur að gera sér grein fyrir hvað telst óásættanleg hegðun. Með því móti sporum við enn frekar gegn óásættanlegri hegðun þeirra fáu sem getur skaðað hina mörgu.

### DÆMI UM ÓÁSÆTTANLEGA HEGÐUN NEMANDA

#### Við sættum okkur ekki við að nemandi:

- eyðileggi, hindri eða trufla skólastarf, vinnu nemenda, kennara eða annars starfsfólks.
- láti sér ekki segjast við vinsamlegar ábendingar.
- gangi í eigur annarra, skemmi eða steli.
- valdi öðrum kvíða og öryggisleysi.
- ógni öryggi annarra einstaklinga sem starfa í skólanum, nemenda, kennara eða annarra starfsmanna.
- undir neinum kringumstæðum noti eða hafi undir höndum tóbak eða aðra vímuefni.



## LÖGBROT

#### Við líðum ekki lögbrot,

svo sem skemmdarverk, þjófnað, ofbeldi, vímuefnanotkun, alvarlegar hótanir eða annað ofbeldi.



## VIÐ SETJUM SKÝR MÖRK

Í Grunnskóla Grindavíkur setjum við skýr mörk á milli þeirrar hegðunar sem er ásættanleg og eðlileg og þeirrar hegðunar sem ekki er hægt að sætta sig við. Hegðun sem byggir á stjórnleysi er óásættanleg en hegðun sem byggir á sjálfstjórn er æskileg/ásættanleg.




## HVAÐ GERIST EF HEGÐUN ER ÓÁSÆTTANLEG?

Nemandinn fær val um **tvær leiðir til lausnar** á málum sínum:

**Leið 1)** Hann getur valið um að fara milda og árangursríka leið - uppbyggingu eða...

**Leið 2)** að taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna - viðurlögum.





## LEIÐ 1) ÁRANGURSRÍK LEIÐ TIL LAUSNAR – UPPBYGGING

Nemendur geta valið árangursríka leið til lausnar ef hegðun þeirra reynist óásættanleg.

Við í Grunnskóla Grindavíkur viljum vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, tilbúnir til að líta í eigin barm og ná betri stjórn á eigin hegðun.

### Allir geta gert mistök

Þeir sem starfa í Grunnskóla Grindavíkur eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, umgengni og samskiptum. Það gildir um alla: nemendur, kennara, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

### Mistök er hægt að leiðrétta

Besta leiðin til þess að vinna sig út úr vanda er að viðurkenna þau mistök sem orðið hafa - gera áætlun um að leiðrétta þau - og læra þannig betri leið sem nýttist viðkomandi í svipuðum aðstæðum.

## DÆMI UM UPPBYGGINGU

### Í kennslustund:

- 1) Kennari áminnur nemanda og gefur honum tækifæri til að ná stjórn á eigin hegðun og leiðrétta mistök sín (bæta hegðun sína / finna leið sem sættir sjónarmið).
- 2) Ef nemandi heldur uppteknum hætti vísar kennari honum úr tíma, til umsjónakennara / deildarstjóra viðkomandi stigs eða skólastjóra þar sem gerð er uppbyggingar- eða friðaráætlun.
- 3) Þeir sem hlut eiga að máli fá upplýsingar um áætlun nemandans frá umsjónarkennara / deildarstjóra / skólastjórum.
- 4) Upplýsingum er komið munnlega eða með skráningu í Stundvísi til umsjónarkennara og hann upplýsir foreldra um að nemandi hafi leiðrétt mistök sín og gert uppbyggingaráætlun.
- 5) Umsjónarkennari / deildarstjórar / skólastjórar fylgja uppbyggingaráætluninni eftir með viðtölum.



## UPPBYGGING - FRAMHALD

### DÆMI UM UPPBYGGINGU

Á göngum skólans, skólasafni, mötuneyti, íþróttamannvirkjum og á skólalóð:

- 1) Starfsmenn skólans gefa nemanda tækifæri til að bæta hegðun sína.
- 2) Ef það gerist ekki vísar starfsmaður viðkomandi nemanda til umsjónarkennara/deildarstjóra viðkomandi stigs eða skólastjóra þar sem hann gerir uppbyggingar- eða friðaráætlun.
- 3) Sá sem tilkynnti er kallaður til af umsjónarkennara, deildarstjóra eða skólastjórum. Hann er upplýstur um málið og leitað eftir samþykki hans á uppbyggingaráætluninni.
- 4) Upplýsingum er komið munnlega eða með skráningu í Stundvísi til umsjónarkennara og hann upplýsir foreldra um að nemandi hafi leiðrétt mistök sín og gert uppbyggingaráætlun.
- 5) Umsjónarkennari, deildarstjórar og/eða skólastjórar fylgja uppbyggingaráætluninni eftir með viðtölum.





## LEIÐ 2) NEMANDI ÞIGGUR EKKI TILBOÐ UM AÐ GERA UPPBYGGINGARÁÆTLUN

Ef nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun er málum vísað til umsjónarkennara / deildarstjóra viðkomandi stigs sem ákvarðar framhaldið. Í flestum tilvikum er boðið sem fyrst til fundar með foreldrum viðkomandi nemanda. Þá taka oftast við aðgerðir sem byggja ekki á sjálfsstjórn nemanda heldur skilyrðum og eftirliti.

### Dæmi um úrræði þegar nemandur geta ekki eða vilja ekki leiðrétta hegðun sína og snúa sterkari til starfa á ný:

- Gerður samningur með skilyrðum.
- Nemanda er boðin aðstoð námsráðgjafa.
- Tilvísun í sérúrræði.
- Tilvísun til skólasálfræðings ( með samþykki foreldra ).
- Fundur með öllum kennurum viðkomandi nemanda.
- Stundaskrá nemanda skert ( tímabundið ).
- Reglulegir stöðufundir með umsjónarkennara / foreldrum.
- Vísað til Nemendaverndarráðs ( með samþykki foreldra ).
- Foreldrar fylgja nemanda í kennslustundum.
- Ráðinn stuðningsfulltrúi.
- Sérstakt eftirlit í frímínútum.



Við alvarlegum brotum er ávallt brugðist við með skýrum hætti.

### LÖGBROT / ALVARLEG AGABROT VIÐURLÖG

Þegar nemandur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar kallaðir til. Nemanda er vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin. Samkvæmt lögum má málsmeðferð taka allt að 5 virka daga án þess að nemanda sé útvegað annað skólaúrræði. Skólinn vinnur samkvæmt verklagsreglum um málsmeðferð vegna lögbrota og alvarlegra agabrota.



# REGLUR UM SKÓLASÓKN

## Alvarleg frávik frá skólasókn - skróp - óeðlilegar seinkomur

Ef skólasókn nemenda í 1. - 7. bekk er ekki viðunandi er nemenda/foreldrum fyrst gert viðvart, síðan eru þeir boðaðir á fund með umsjónarkennara/deildarstjóra viðkomandi skólastigs þar sem farið er yfir stöðuna og ef það ber ekki tilætlaðan árangur er málinu vísað til skólafirvalda.

Hver nemandi í 8. - 10. bekk byrjar með 10,0 í skólasókn í upphafi hvorrar annar. Fjarvistir og seinkomur koma síðan til frádráttar. Þau stig sem eftir eru í lok annar teljast mætingareinkunn og færist á vitnisburðarblað.

Þessi einkunn er sérstök einkunn óháð frammistöðu í einstökum námsgreinum.

## (Ó) Óheimilar fjarvistir

Fyrir fyrsta Ó kemur enginn frádráttur ef nemandi hefur sofíð yfir sig í fyrsta tíma að morgni, en eftir það dragast 0,5 frá mætingareinkunn fyrir hvert skipti. Ef nemandi er fjarverandi án leyfis í heilan dag, skal umsjónarkennari hans/deildarstjóri leita skýringa á því og meta síðan fjarveru hans til frádráttar, þó ekki meira en frádráttarreglur segja til um.

## (S) Seinkomur

Komi nemandi of seint í kennslustund skal færa S í bekkjarskrá. Eftir fyrsta S kemur enginn frádráttur en eftir það dragast 0,2 frá fyrir hvert skipti.

Fari nemandi niður fyrir 8,0 í mætingareinkunn skal umsjónarkennari tilkynna það foreldri/forráðamanni hans. Fari nemandi niður fyrir 7,0 skal nemandi ásamt foreldri/forráðamanni koma til viðtals við umsjónarkennara.

Ef nemandi er kominn niður fyrir 5,0 er mál hans komið á það stig að það verður tekið til sérstakrar umfjöllunar hjá deildarstjóra í samráði við foreldra/forráðamann. Ef sú umfjöllun skilar ekki tilætluðum árangri, mun málið verða sent skólastjórn/skólanefnd til úrlausnar.

Nemandi sem farið hefur niður fyrir 5,0 í mætingareinkunn á kost á því að vinna sig upp í þá tölu, en þó með ákveðnum skilyrðum. Ef mæting og hegðun er óaðfinnanleg í viku getur nemandinn unnið sér inn plús 0,5 punkta.

Umsjónarkennari skal gefa reglulega upp stöðu nemenda í mætingareinkunn í handbók þeirra.

Ef nemandi gerir ekki athugasemdir við færslur í handbókina strax, skoðast þær samþykktar.

Samkvæmt lögum eru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn þeirra sækji skóla. Skólastjóra ber að vísa ófullnægjandi skólasókn nemanda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda.





# ALMENNAR UMGENGISREGLUR

## Heimanám og gögn

Nemendum ber að koma undirbúnir og með nauðsynleg gögn í skólann.

## Á göngum skólans

Nemendum ber að ganga hljóðlega um skólahúsnæðið og skýna tillitsemi. Sú regla að ganga hægra megin upp og hægra megin niður stiga skal viðhöfð .

## Skófatnaður, yfirhafnir og höfuðföt

Nemendur ganga ekki um á útiskóm inni í skólahúsnæðinu og eru hvattir til að nota inniskó á skólatíma. Nemendur skilja skófatnað eftir í skógeymslum, undantekningar gerðar á jólasemmtunum og árshátíð, og setja yfirhafnir og höfuðföt á snaga við eða í kennslustofum.

Nemendur eiga ekki að skilja skólatöskur sínar eftir á glámbekk.

## Mataraðstaða - matsala

Nemendur skulu neyta matar í matsal skólans eða á þeim stöðum sem samþykktir eru af skólastjórn hverju sinni. Hver nemandi gengur frá þeim áhöldum sem hann notar í matartímum. Allir nemendur skulu hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði.

## Nemendur eiga að vera í skólanum á skólatíma


Ætlast er til þess að nemendur séu í skólabyggingunni eða á skólalóð á skólatíma. Undanskildar eru ferðir í íþróttahús, sundlaug og ferðir nemenda heim í hádegishlé.

## Farsímar o.fl.

Notkun farsíma er ekki leyfð í skólanum, á lóð skólans, í íþróttahúsi og sundlaug og annars staðar þar sem nemendur eru á vegum skólans. Símar sem nemendur verða uppvísir að því að nota í skólanum verða settir í geymslu hjá skólaritara og óskað verður eftir að foreldrar nálgist þá þar. Notkun annarra tækja svo sem ferðageislaþíla og fartölva sem truflað geta virkni og vinnu nemenda eru ekki leyfð. Kennarar geta þó veitt undanþágu frá þessari reglu.

## Skólabjalla

Skólabjalla hringir við upphaf og lok kennslustunda. Nemendur eiga að virða þessar hringingar og mæta stundvíslega í kennslustundir.



### **Hjól, hjólabretti, hlaupahjól og línuskautar**

Ekki er leyfilegt að vera á hjóli eða hlaupahjóli eða á skólalóð. Sama gildir um línuskauta og hjólabretti nema á hjólabrettaaðstöðu vestan megin við aðalinngang.

Eindregið er mælt gegn því að nemendur komi á hjóli í skólann í skammdeginu og yngstu nemendurnir í 1. - 3. bekk eiga auðvitað ekki að hjóla í umferðinni.


Hjólum skal lagt í þar til gerða standa og annar búnaður geymdur í samráði við umsjónarmann skólahúsnæðis eða skólaliða.

Skólinn ber ekki ábyrgð á ofantöldum farartækjum.

Minnt er á að samkvæmt lögum er börnum á hjólum skylt að nota öryggishjálma og nauðsynlegt er að öryggisbúnaður sé í lagi. Foreldrar bera ábyrgð á þessu sé framfylgt.

### **Sælgæti, tyggjó og gosdrykkir**

Ekki er leyfilegt að neyta sælgætis, tyggjós eða gosdrykkja í skólanum nema með sérstöku leyfi starfsfólks hans (t.d. bekkjarsamkomur, litlu jól, ferðalög og árshátíð).





# SAMKVÆMT UPPBYGGINGARSTEFNUNNI HAFA ALLIR ÞÖRF FYRIR:



## Ást og umhyggja

- að tilheyra
- eiga vini
- þykja vænt um
- taka þátt í
- vera með



## Gleði og ánægja

- skemmtun
- fagna
- hlátur
- læra nýja hluti



## Eigið áhrifavald

- vera góður í
- finna mikilvægi sitt
- fá viðurkenningu
- standa sig vel
- ráða við



## Frelsi og sjálfstæði

- geta valið sjálf(ur)
- ákveða sjálf(ur)
- eiga möguleika
- fá tækifæri

## Örugg líf og heilsa

fæði - klæði - svefn - hreyfing - húsaskjól





## LEIÐARLJÓS GRUNNSKÓLA GRINDAVÍKUR

### Við viljum

- skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð.